

10. gr.

Ef nauðsyn krefur, setur stjórnin sér starfsreglur, er hafa að geyma nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1978.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Aðalsteins Kristjánssonar til eflingar náttúruvísindum og efnafræði við Háskóla Íslands. Hann er stofnaður með dánargjöf Aðalsteins Kristjánssonar, er hjó lengstum í Winnipeg í Kanada og síðast í Puente, Los Angeles, Kaliforniu, en Aðalsteinn lést hinn 14. júlí 1949.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins verður greint í fyrsta reikningi, sem háskólaráð gerir um sjóðinn, sbr. 4. gr. Það verður varðveitt hjá Royal Trust Company í Kanada samkvæmt samningi þar um milli Háskóla Íslands og þess fyrirtækis uns öðruvísi verður ákveðið. Tekjur af ávöxtun fjárens verða til reiðu fyrir Háskóla Íslands hvenær sem óskað er til ráðstöfunar samkvæmt ákvæðum skipulagsskrár þessarar. Ávöxtun sjóðsins og varsla er í höndum rektors og háskólaráðs, en háskólaráð hefur samþykkt samning þann, er fyrr greinir, um ávöxtun stofnfjár.

Stjórn sjóðsins er að öðru leyti undir yfirumsjón háskólaráðs falin stjórnarnefnd, sem háskólaráð kys til þriggja ára í senn, og skipuð er 3 aðalmönnum og 3 varamönnum. Stjórnin kys sér formann og ritara. Hún getur kvatt sér til ráðuneytis sérfróða menn til að meta úthlutanir til rannsóknarverkefna.

Stjórnin skal halda gerðabók, er rektor Háskóla Íslands löggildir, og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun styrkja úr sjóðnum og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað, er varðar hag sjóðsins og starfsemi.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en dánargjöfina, eins og hún verður ákveðin hinn 1. janúar 1978, skal skoða sem höfuðstól sjóðsins í þessu sambandi.

Árlegum tekjum sjóðsins skal verja til að veita styrki stúdentum og kandidötum, er leggja stund á náttúruvísindi (þar á meðal og án þess að talning sé tæmandi í lífeðlisfræði, líffræði, eðlisfræði, jarðfræði, grasufræði, efnafræði, jarðeðlisfræði og haffræði), svo og kennurum og rannsóknarmönnum við Háskóla Íslands á greindum vísindasviðum til einstakra rannsóknarverkefna. Veita má stúdentum og kandidötum styrki, þótt þeir nemi við erlenda háskóla, sérstaklega

í Kanada eða Bandaríkjunum, og stúdentar eða kandidatar frá þeim löndum, sem stunda nám við Háskóla Íslands í framangreindum fræðum, geta einnig notið styrkja.

Nú fellur niður úthlutun úr sjóðnum tiltekið ár, og skal það fé þá leggjast við handbært fé, sem til ráðstöfunar er samkvæmt skipulagsskrá og eigi leggjast við höfuðstól.

Sá, er styrk hlýtur, skal gera fyrirfram viðhlítandi grein fyrir fyrirhuguðum rannsóknnum sínum eða námi. Eftir að rannsókn er lokið eða námi með styrk úr sjóðnum skal viðkomandi gera sjóðstjórn rækilega grein fyrir rannsóknnum eða námi. Skal sjóðstjórn birta skýrslu um þetta í árbók Háskólans eða öðru samþætilegu háskólariti.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvort auglýsa skulu eftir umsóknnum úr sjóðnum eða ekki.

4. gr.

Háskólaráð lætur gera árlega reikninga sjóðsins og skulu þeir birtir í árbók Háskólans. Reikningar skulu endurskoðaðir með sama hætti sem reikningar annarra háskólasjóða.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 246.

REIKNINGAR

Samvinnubanka Íslands h.f. 1977.

Rekstursreikningur.

Tekjur:

Vaxtatekjur	kr. 1 152 117 617
Aðrar tekjur	— 197 281 951

 kr. 1 349 399 568

Gjöld:

Vaxtagjöld	kr. 871 550 623
Reksturskostnaður	— 443 289 608
Fyrningar	— 7 658 617
Til varasjóðs	— 9 000 000
Til höfuðstólsreiknings	— 17 900 720

 kr. 1 349 399 568

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1977.

Eignir:

Sjóður	kr. 77 522 030
Seðlabankinn:	
Viðskiptareikningur	kr. 344 502 944
Bundinn reikningur	— 1 427 248 300
	<hr/>
	kr. 1 771 751 244
Stofnfjárframlög	— 77 004 000
Innleistar ábyrgðir	— 12 818 310
Afurðalán	— 1 121 611 437
Yfirdráttarlán	— 982 831 668
Víxlar	— 1 518 102 953